

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Annar fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 21. október 2020. Fundur hófst kl. 10:00.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis, Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Þuríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs.

Þetta gerðist:

1. Yfirferð ítarefnis sem kynnt verður samhliða áformum um þjóðgarð

Rennt var yfir alla kafla ítarefnisins. Almenn var hópurinn ánægður með textann. Taldi hann snarpan og hæfilega langan. Í umræðum um hvaða svæði væri verið að horfa til var nefnt að nú væri málsmeðferð þjóðlendumála hafin á umræddu landsvæði. Bent á það þyrfti að hafa það í huga og skoða varðandi möguleg mörk svæðisins. Þá var einnig rætt að af þeim efnisatriðum sem ítarefnið gerir skil myndi umræða um friðlýsingarskilmála og vinna við útfærslu þeirra verða mikilvæg.

2. Vinnukort af svæðinu

Hópurinn fór yfir drög að korti sem sýnir mörk þjóðgarðs. Þar kom fram að nauðsynlegt væri að hafa kortið skýrt þannig að ljóst væri hvaða svæði yrði innan þjóðgarðs.

3. Áform-ferlið

Farið var yfir hvernig áform um friðlýsingu eru kynnt skv. náttúruverndarlögum. Samkvæmt lögnum skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við áformin innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur. Áformin eru jafnframt send sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum og náttúrustofum til umsagnar sem og öðrum opinberum aðilum og hagsmunasamtökum eftir því sem ástæða þykir til. Einnig skal senda tillöguna þeim aðilum sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta vegna hennar.

4. Önnur mál

Rætt var um vinnuheiti verkefnisins “þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum”. Hópurinn er meðvitaður um að hluti svæðisins (Hrafseyri) er ekki á sunnaverðum Vestfjörðum þó stærstur hluti svæðisins sé það. Lagt til að samhliða kynningu á áformum verði kallað eftir tillögum að formlegu heiti frá almenningin fyrir mögulegan þjóðgarð.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 11:00.